

Fundur í kjörnefnd Ásahrepps haldinn í félagsheimilinu Ásgarði fimmtudaginn 18. Júní 2020, klukkan 20:00

Mætt: Kristín Ósk Ómarsdóttir, Benedikt Elvar Jónsson og Hulda Brynjólfsdóttir. Kristín Ósk ritar fundargerð

1. Kjörnefnd skiptir með sér verkum, Benedikt stingur upp á Kristínu Ósk sem formanni nefndarinnar og oddvita hennar á kjördag og er það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
2. Rætt um kjörskrá og kjörfund. Nefndarmenn höfðu áður sammælt um kjörfundartíma símleiðis, fyrir fund formanns nefndarinnar með sveitarstjóra
3. Rætt um sóttvarnir á kjörstað og lesið upp úr tölvupósti sem formanni barst frá yfirkjörstjórn vegna málsins. Gæta skal að sóttþreinsun blýanta og gefa öllum kjósendum kost á að viðhafa tveggja metra fjarlægð.
4. Rætt um hver skuli aðstoða kjörnefnd á kjördag, en aðstoðarmaður gegnir hlutverki dyravarðar og sér einnig um að sækja hádegismat. Ákveðið að ræða við Þránín Ingólfsson, ábúanda á Berustöðum 1 um það hlutverk.
5. Farið yfir aðstæður í húsinu, skúra þarf gólf vegna mikils ryks. Þá þarf að útvega gardínur fyrir kjörklefa og lampa. Kaupa þarf salernispappír og sápu, auk einnota bréfs til að þurrka hendur.
 - Hulda tekur að sér að skúra gólf og útvega gardínur
 - Benedikt tekur að sér að útvega lampa í kjörklefa og framlengingarsnúru
 - Kristín Ósk sér um kaup á hreinlætisvörum
6. Rætt um kaup á öðrum aðföngum, svo sem veitingum fyrir kjörnefnd á kjörstað. Kristín Ósk tekur að sér að kaupa veitingar og annað sem þarf fyrir kjördag.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 20:45